

Fundargerð 72. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu miðvikudaginn 10. mars 2015 kl 9.00 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albina Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir og Guðjón Bragason. Sævar Skaptason boðaði forföll.

Frá FMS: Björn Jóhannsson og Sólrún Anna Jónsdóttir

Dagskrá fundar

- 1) Staða styrkveitinga (Sólrún)
- 2) Skróður, afgreiðsla á beiðni umsækjenda
- 3) Reglugerð um starfsreglur FF, athugasemdir stjórnar
- 4) Önnur mál

Fundargerð

Sólrún lét vita af seinkunn og var því röð dagskrárlíða breytt.

- 1) **Tekið var fyrir erindi frá framkvæmdasjóði Skróðs** - Verkefni 13-007 - kr. 5.000.000,- í fyrri úthlutun sjóðsins 2013.

Að mati stjórnar er verkefnið eins og það er útfært í framvinduskýrslu ekki það verkefni sem sótt var um styrk í skv. umsókn. Teikningar að mannvirki sem sýnt er í innsendum gögnum með lokaskýrslu er í verulegu ósamræmi við þau gögn sem fylgdu upphaflegu umsókn. Jafnframt er það mat stjórnar að miðað við þau gögn sem nú eru send inn hefði verkefnið ekki verið styrkhæft. Áður en endanleg ákvörðun er tekin í málinu er Birni falið að skrifa umsækjanda bréf en gefa honum jafnframt kost á að koma að andmælum. Björn skrifar undir bréfið f.h. stjórnar með vísan til fundargerðar og leggur svörin fyrir stjórn til endanlegrar ákvörðunar.

- 2) **Sólrún fór yfir stöðu greiðslna.**

Úthlutun	Úthlutað alls	Greitt alls	Eftirstöðvar	Ónýttar eftirstöðvar	Verkefni alls	Verkefnum lokið	Verkefnum ólokið
FF-1	69.000.000	63.267.613	5.732.387	2.130.021	30	29	1
FF-2	150.745.000	106.895.000	39.200.000	0	44	25	19
FF-3	71.750.000	35.875.000	35.875.000	0	5	1	4
FF-4	278.751.200	203.687.098	75.064.102	1.234.454	75	41	34
FF-6	246.484.625	94.092.144	133.589.381	6.424.765	51	9	42
FF-7	383.898.074	161.126.347	222.771.727	0	88	13	75
FF-8	175.700.019	0	0	0	0	0	0
Samtals	1.200.628.899	664.943.202	512.232.597	9.789.240	293	118	175

Rætt var verkefni 13-013 Ísafjarðarbær. Birni falið að fara yfir gögnin ræða við umsækjanda og fá staðfestingu á því að verk hafi verið unnið í samræmi við verkáætlun. Birni falið að kalla eftir gögnum og reyna að loka málinu. Tala einnig við Hálfdán Bjarka upplýsingafulltrúa Ísafjarðarbæjar.

- 3) **Umræðu um reglugerð frestað til næsta fundar**

- 3) **Næsti fundur verður 18. mars á Reykjanesi.** Birni falið að taka saman lista yfir verkefni á Reykjanesi sem fengið hafa styrk og útbúa kynningu um framkvæmdasjóðinn. Björn kynnir þau verkefni sem styrkt hafa verið á Reykjanesi og skoðar sérstaklega umsóknir sem ekki hafa náð fram að ganga og af hverju.

Fundi slitið kl. 10:30

Fundargerð rituðu Sólrún Anna Jónsdóttir og Björn Jóhannsson

Albina Thordarson

Sævar Skaptason
Anna G. Sverrisdóttir

Guðjón Bragason